

LÖG

um breytingu á lögum um breytingu á lögum um neytendalán og lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 163/2019.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lokamálslið 3. gr. laganna bætist: eða samþykktur af neytanda sem hefur verið auðkenndur rafrænt gagnvart viðskiptakerfi lánveitanda.

2. gr.

Í stað orðanna „eru jafnframt fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármála-
fyrirtæki“ í 1. mgr. a-liðar 6. gr. laganna kemur: hafa jafnframt heimild til lánveitinga til
neytenda samkvæmt sérlögum og eru eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum um opinbert
eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Orðin „3. gr. og“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 3. gr. gildi 1. júní 2020.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. febrúar 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.